



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir gististað; gistiheimili (Candlewood Suites by Alva) að Rauðarárstíg 27, F2011217 (rými 010101) - F2011219 (rými 010201) - F2011220 (rými 010202) - F2011222 (rými 010301), F2303253 (rými 010302) og F2011223 (rými 010401).

Nafn leyfishafa: ALVA Hotels ehf.

Heimilisfang: Laugavegur 182, 101 Reykjavíkurborg

Kennitala: 680323-1430

Gildir frá: 5. nóvember 2025

Gildir til: 5. nóvember 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 5. nóvember 2025


HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Greinargerð með starfsleyfi fyrir gistiheimilið Candlewood Suites by Alva að Rauðarárstíg 27.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir gististað; tegund gistiheimili, Candlewood Suites by Alva að Rauðarárstíg 27 þann 7. október 2025 ásamt eftirtöldum gögnum: Umsókn um starfsleyfi, Drögum að starfsleyfi, Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði, Rekstrarleyfisumsókn Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og Jákvæðri umsögn byggingarfulltrúa um að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi gististaðarins séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 4. nóvember 2025. Umsækjandi um starfsleyfi er Alva Hotels ehf., kt. 680323-1430.

Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs rekstrar gistiheimilis að Rauðarárstíg 27.

Umsókn Alva Hotels ehf., kt. 680323-1430, dags. 26. september 2025, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1870. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 5. nóvember 2025, um starfsleyfi fyrir gististað; gistiheimili (Candlewood Suites by Alva) að Rauðarárstíg 27, F2011217 – rými 01 0101, F2011219 - rými 01 0201, F2011220 – rými 01 0202, F2011222 – rými 01 0301, F2303253 – rými 01 0302 og F2011223 – rými 01 0401. Ný starfsemi. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði*.

Reykjavík, 11. nóvember 2025